



## NÚVERANDI ÁSKORANIR

Hún er farin að gleyma hlutum og finnur til óöryggis við afgreiðslu erinda og hefur þurft að leita meira til yfirmanns síns með aðstoð. Hún finnur að yfirmaður hennar er orðinn óþreyjufullur og hann hefur látið í ljós óþolinmæði sína um að hún geti ekki klárað verkefnið sjálf.

Er í rannsóknum hjá lækni þar sem hún er líklega komin með byrjunarstig af heilabilun. Hún hefur ekki fengið sig til að segja yfirmanni sínum frá þessum rannsóknum. Leggst þungt á hana og hún finnur fyrir vanmætti.

# GUÐRÚN

## VERKEFNASTJÓRI

**ALDUR** 61 árs

**KYN** Kona

**ÞJÓÐERNI** Íslensk

**FJÖLSKYLDUAÐSTÆÐUR** Fráskilin, uppkomin börn. Var gift erlendum manni og bjó lengi erlendis með honum.

**STARF/FERILL** Vinnur sem verkefnastjóri á skrifstofu. Hefur mikla reynslu af skrifstofustörfum. Var heimavinnandi á sínum yngri árum og er því ekki með full lífeyrisréttindi.

## VIÐHORF OG TILFINNINGAR

- Óörygg með sjálfa sig og treystir því ekki að hún sé að gera verkefnið rétt.
- Samskipti hennar við yfirmann sinn og samstarfsfélaga hafa versnað töluvert hratt og hún finnur til vanmáttar gagnvart aðstæðunum.
- Er hrædd við þá hugsun að hún sé komin með heilabilun.

## HVATNING

- Þarf að vinna eins lengi og hún mögulega getur þar sem hún var heimavinnandi á sínum yngri árum og bjó erlendis og er því ekki með eins mikil lífeyrisréttindi og aðrir.
- Finnst mjög gaman í vinnunni og langar að vinna.
- Kann vel við vinnufélaga sína og óttast að missa tengsl við þá ef hún hættir að vinna.

## VINNUAÐSTÆÐUR

- Vinnur hefðbundið skrifstofustarf. Hún yfirfer umsóknir, það er mikil nákvæmnisvinna að kanna hvort öll skilyrði séu uppfyllt og mikið í húfi fyrir vinnustaðinn að umsóknir hljóti rétta afgreiðslu.
- Hún er orðin óörugg við afgreiðslu umsókna og þarf að leita meira til yfirmanns með erindi.
- Villur hafa aukist hjá henni.
- Samstarfsfólk orðið þreytt á að þurfa að endurvinnna efnið hennar.

## Spurningar stjórnanda

- Er með starfsmann sem hefur alltaf sinnt sínu starfi vel en undanfarið hefur verið breyting á því, finn að það er eitthvað að, hvernig get ég nálgast hana án þess að spyrja of nærgöngulla spurninga?
- Verkefni eru ekki að koma á réttum tíma, er eitthvað sem ég get hjálpað þér með?
- Er tilfinning mín rétt varðandi auknar villur? Er það staðreynd eða bara tilfinning? Hvað segja gögnin mér?

## Spurningar samstarfsfólks

- Hennar verkefni hafa verið að koma meira til mín, hvernig á ég að benda á þetta?
- Á ég að ræða við stjórnandann eða hana sjálfa?
- Mun þetta bitna á mínum verkefnum?



## Spurningar einstaklingsins

- Á ég að segja yfirmanni mínum frá stöðunni?
- Get ég sinnt starfinu mínu áfram?
- Hvaða áhrif mun þetta hafa á starf mitt?
- Mun stjórnandi vilja losna við mig strax?
- Ætli það sé möguleiki á að sinna einfaldari verkefnum?

## Spurningar stefnumótenda

- Hvernig getum við mætt þörfum einstaklinga sem eru með skerta starfsgetu vegna veikinda?
- Getum við leyft einstaklingi að sinna bara hluta af sínum verkefnum?
- Hvaða fordæmi gefur það?

